


Kallað eftir skjölum kvenna

Hélt mamma dagbók? Var amma skúffuskáld? Eru bréf langömmu í geymslunni?

Nú í ár fagna landsmenn 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Af því tilefni efna Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfnin til þjóðaráttaks um söfnun á skjölum kvenna og hvetja landsmenn til að afhenda þau á skjalasöfn. Bréf, dagbækur og önnur persónuleg gögn geta veitt innsýn inn í líf einstaklinga og fjölskyldna þeirra en einnig varpa þau ljósi á sögu lands og þjóðar.

Því miður er það staðreynd að skjöl kvenna skila sér síður inn á söfnin en skjöl karla og þykir starfsmönnum safnanna því tilhlýðilegt að fagna 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna með því að minna á mikilvægi þessara gagna og hvetja landsmenn til að stuðla að varðveislu þeirra með því að koma þeim í örugga geymslu. Er þar t.d. átt við bréf, dagbækur, handskrifaðar matreiðslubækur, póstkort, teikningar, ljósmyndir, kvæði, smásögur og ýmsan fróðleik sem vert er að halda upp á, ásamt handritum sem voru í eigu kvenna.



Dagbók Elku Björnsdóttur. Lbs 2234 8vo.

Tekið er við skjölunum í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Kvennasögusafni Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands og héraðsskjalasöfnum og eru starfsmenn safnanna boðnir og búnir að veita ráðgjöf og aðstoð varðandi frágang og skil á gögnunum.

Handritasafn Landsbókasafns Íslands

– Háskólabókasafns

Kvennasögusafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Héraðsskjalasafn Akraness

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu

Héraðsskjalasafn Árnesinga

Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Héraðsskjalasafn Dalasýslu

Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar

Héraðsskjalasafn Húnaþings vestra

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Héraðsskjalasafn Neskaupstaðar

Héraðsskjalasafn Rangæinga

og Vestur-Skaftfellinga

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Héraðsskjalasafn Svarfdæla

Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja

Héraðsskjalasafn Þingeyinga

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Héraðsskjalasafnið á Ísafirði